



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.09.19
Málalykill	00.10.1
Málar.	1909388

Evrópukeppni taflfélaga 2019

Reykjavík, 20. september 2019

Góðan daginn Guðjón Erling Friðriksson.

Evrópukeppni landsliða í skák 2019 fer fram í Batumi í Georgíu 24. október -2. nóvember nk. Ísland sendir öflugt lið í opnum flokki sem samanstendur af miklum reynsluboltum sem og nýliða!

Fyrir sveitinni fer **Hannes Hlífar Stefánsson**, þrettánfaldur Íslandsmeistari í skák. **Helgi Áss Grétarsson**, Íslandsmeistarinn frá 2018 er einnig í liðinu. Það eru einnig **Bragi Þorfinnsson**, nýjasti stórmeistari Íslands. Aðrir liðsmenn eru alþjóðlegi meistarinn, tvöfaldur Íslandsmeistari í skák, **Guðmundur Kjartansson** og nýliðinn **Dagur Ragnarsson** sem teflir í fyrsta sinn fyrir Íslands hönd.

Landslið Íslands skipa:

1. Hannes Hlífar Stefánsson, stórmeistari
2. Bragi Þorfinnsson, stórmeistari
3. Guðmundur Kjartansson, alþjóðlegur meistarari
4. Helgi Áss Grétarsson, stórmeistari
5. Dagur Ragnarsson, FIDE-meistari

Skáksamband Íslands óskar eftir stuðningi við það verkefni að senda út lið á mótið. Útgerð við að senda lið á fjarlægja staði eins og Georgíu er afar dýr og allur stuðningur vel þeginn.

- Skáksambandið heldur úti veglegri heimasíðu, www.skak.is. Á meðan Ólympíuskákmótinu verða fréttir þar afar mikið lesnar. Hægt er að bjóða upp á borða sem eru ýmist 696 eða 324 að breidd.
- Séríða yfir alla styrktaraðila liðsins verður birt. Liðsmenn verða í landsliðsfötum þar sem boðið verður upp á merkingar á bakhlið.

Í von um jákvæð viðbrögð.

Gunnar Björnsson,
Forseti Skáksambands Íslands

